

Mánudaginn 17. apríl 1989.
 Nr. 133/1989. **Guðmundur Þórðarson**

gegn

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og
 dómsmálaráðherra og
 rannsóknarlögreglustjóra ríkisins,
 báðum f.h. Rannsóknarlögreglu ríkisins.**

Kærumál. Frávísunardómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili kærði mál þetta til Hæstaréttar 6. þ.m. og barst kæran dóminum 12. þ.m. Kæruheimild er b-liður 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands. Sóknaraðili kveðst ekki hafa verið kvaddur til að vera viðstaddur uppsögu hins kærða dóms og eigi fengið vitneskju um málsúrslit fyrr en 28. mars 1989.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili heldur því fram, að málatilbúnaður sinn sé nægilega skýr og beri héraðsdómara því að dæma málið að efni til. Sóknaraðili andmælir einnig því, að ekki sé að finna í fram lögðum skjölum heimild honum til handa til innheimtu á víxli þeim, sem um ræðir í héraðsdómi. Telur hann gögn málsins sýna, að hann sé eigandi víxilsins.

Varnaraðilar halda því fram í greinargerð, sem barst Hæstarétti í dag, að málsókn sóknaraðila uppfylli ekki skilyrði grundvallarreglna réttarfarslaga um að málatilbúnaður skuli vera skýr og glöggur. Sóknaraðili byggir annars vegar á því, að hann eigi greindan víxil, og hins vegar því, að hann hafi verið með víxilinn til innheimtu fyrir annan aðila. Varnaraðilar halda því einnig fram, að sóknaraðili hafi ekki lagt fram gögn, sem sýni, að hann sé réttur

víxilhafi samkvæmt óslitinni framsalsröð. Til stuðnings kröfunni um frávísun í héraði er enn fremur bent á, að sóknaraðili hafi ekki gætt ákvæða e-liðar 1. tl. 88. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Í stefnu kemur ótvírætt fram af hálfu sóknaraðila, að hann telur sig eiga fyrrgreindan víxil. Upplýsingar sóknaraðila í tveimur máls-skjölum um það hver eigi víxilinn, haggja ekki yfirlýsingum í stefnu. Lýsing málavaxta í stefnu og greinargerð þykir eigi haldin slíkum annmörkum, að ekki megi leggja efnisdóm á mál þetta. Reifun laga-raka sóknaraðila í málsskjölum í héraði er almenns efnis og stutt. Ekki þykir það þó næg ástæða til að vísa málinu frá héraðsdómi. Varnir, sem varnaraðilar bera fyrir sig varðandi framsalsröð, eru efnisástæður, sem valda ekki frávísun.

Af þessu leiðir að fella ber héraðsdóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnisúrlausnar. Rétt þykir að kæru-málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Dómur bæjarþings Kópavogs 28. febrúar 1989.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms 24. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Kópavogs með stefnu, birtri 31. október 1988, af Guðmundi Þórðarsyni, nnr. 3118-1828, Hamraborg 12, Kópavogi, á hendur fjármálaráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni, nnr. 6756-5932, Barðaströnd 5, Seltjarnarnesi, f.h. ríkissjóðs Íslands, dómsmálaráðherra, Halldóri Ásgrímssyni, nnr. 3569-3963, Brekkuseli 22, Reykjavík, og rannsóknarlög-reglustjóra ríkisins, Boga Nílssyni, nnr. 1373-2450, Giljalandi 21, Reykja-vík, báðum f.h. rannsóknarlögreglu ríkisins, Auðbrekku 6, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 150.000,00, auk [nánar tiltekinn dráttar-vaxta, og málskostnaðar.]

— — —

Af hálfu stefndu var krafist við framlagningu greinargerðar í bæjarþinginu, 15. desember 1988, aðallega að málinu yrði vísað frá dómi. Fyrsta varakrafa er sú að stefndu verði með öllu sýknaðir af kröfum stefnanda.

Önnur varakrafa er sú að stefndu verði að svo stöddu sýknaðir af kröfum stefnanda. Í öllum ofangreindum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati réttarins. Þriðja varakrafa stefndu er sú að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður falli niður í því tilviki.

Í þessum þætti málsins er því eingöngu fjallað um frávisunarkröfu stefndu skv. 108. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, þar sem sáttaumleitanir dómara hafa eigi borið árangur.

Dómkröfur stefndu í þessum þætti málsins eru þær að máli þessu verði vísað frá dómi. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Stefnandi gerir þær dómkröfur í þessum þætti málsins að frávisunarkröfu stefndu verði hrundið og stefndu verði gert að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað.

Stefndu byggja í fyrsta lagi frávisunarkröfu á þeirri málsástæðu að málatilbúnaður stefnanda uppfylli ekki skilyrði grundvallarreglna réttarfarslaga, að málatilbúnaður skuli vera skýr og glöggur, sbr. 88. gr., 1. mgr. 105. gr. og 116. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. og 11. gr. laga nr. 54/1988, um breyting á þeim lögum.

Máli sínu til stuðnings er m.a. á það bent af hálfu stefndu að stefnandi byggir annars vegar á því í stefnu og fram lögðum gögnum að hann sé eigandi víxils, sem dómkrafan er reist á, og hins vegar að hann hafi verið með víxilinn í innheimtu fyrir umbjóðanda sinn. Málatilbúnaður stefnanda sé því um grundvallaratriði óskýr. Að auki hafi stefnandi ekki lagt fram gögn sem sýni að stefnandi sé réttur víxilhafi samkvæmt óslitinni framsalsröð. Frávisunarkröfunni til stuðnings er enn fremur á það bent af hálfu stefndu að stefnandi hafi eigi gætt ákvæða e-liðar 1. töluliðar 88. gr. eml., sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988, sbr. og 1. mgr. 105. gr. eml. Ógjörningur sé því fyrir stefndu, eins og málatilbúnaði stefnanda sé háttað, að átta sig á því á hvaða lagaákvæðum stefnandi reisi mál sitt.

Af hálfu stefnanda er þeirri málsástæðu stefndu mótmælt að málatilbúnaður sé óljós. Stefnandi heldur því fram að hann sé sjálfur eigandi kröfunnar eins og komi fram í stefnu, dskj. nr. 1. Stefnandi segist hafa verið handhafi víxilsins, en víxillinn hafi verið framseldur sér með eyðuframsali. Hafi hann tekið víxilinn sem greiðslu upp í kröfu sem hann hafi átt á hendur þriðja aðila, sbr. dskj. nr. 10. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda vegna skrifa hans til Rannsóknarlögreglu ríkisins að hann hafi litið svo á að Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi ekki komið það við hver hafi verið raunverulegur eigandi víxilsins. Stefnandi kveðst hafa afhent Rannsóknarlögreglu ríkisins víxilinn í góðri trú, og líta verði svo á að það hafi verið mistök af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins að afhenda þriðja aðila víxilinn að stefnanda forns spurðum. Beri stefndu því sönnunarbyrði á þeirri málsástæðu að framsalsröð hafi ekki verið óslitin.

Á það verður fallist með stefndu að málatilbúnaður stefnanda fullnægi eigi skilyrðum réttarfarslaga um skýran og glöggan málatilbúnað.

Þykir stefnandi eigi hafa gætt ákvæða 1. töluliðar a), d) og e) 88. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988, svo og 1. mgr. 105. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 54/1988, sem skyldi í málatilbúnaði sínum.

Enn fremur verður á það fallist með stefndu að ekki er að finna í fram lögðum sóknarskjölum stefnanda heimild honum til handa til innheimtu á umræddum víxli.

Þykir því, svo sem að framan hefur verið rakið, mál þetta svo vanreifað að vísa ber því frá dómi.

Stefnandi greiði stefndu málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 17.000,00.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Guðmundur Þórðarson, greiði stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og rannsóknarlögreglustjóra ríkisins f.h. Rannsóknarlögreglu ríkisins, kr. 17.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.